

162

Biðjið – og þá öðlist þér

1. Biðj - ið, og þá öðl - ist þér eft - ir Jes - ú fyr - ir - heit - i.
 2. Leit - ið, og þér finn - ið fljótt frið í yð - ar mædd - u hjört - um.
 3. Kný - ið á, þá opn - ar sig ást - ríkt Drott - ins föð - ur - hjart - a

Hans í nafn - i biðj - a ber bæn - in svo þér full - ting veit - i.
 Drott - inn gegn - um dimm - a nótt dreif - ir náð - ar - geisl - um björt - um.
 og við dauð - ans dimm - a stig dýrð - ar - inn - ar höll - in bjart - a.

Bæn - in sé þér in - dæl iðj - a, öðl - ast mun - u þeir sem biðj - a.
 Hann mun frið og frels - i veit - a, finn - a mun - u þeir sem leit - a.
 Í Guðs náð - ar arm - a flý - ið, upp mun lok - ið þá þér kný - ið.